Kennsluáætlun í reikningi og talnalæsi - 2.bekkur

2026-2027 Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Tinna Ýrr Jóhannsdóttir

Kennsla í reikningi / talnalæsi fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá) ásamt tveimur kennslustundum í viku hverri.

Kennsluaðferðir og efni: Unnið með frásagnarformið, sögur og ævintýri. Unnið með rythmatalningu með handaklappi og fótastappi. Lært í gegnum leiki og spil. Teningar, spilastokkar, steinar og annar náttúrulegur efniviður nýttur.

Markmið: Að nemendur - læri að telja og þekkja tölur, bæði rómversku og arabísku - læri að telja upp í 100 og afturábak frá 20 - þekki oddatölur og sléttar tölur - læri að telja annan hvern tölustaf, þriðja hvern og fjórða hvern - hafi raunhæfan skilning á hvað liggur að baki hverrar tölu - þekki reikningsaðferðirnar fjórar, plús, mínus, margföldun og deilingu - geti leyst einföld hugareikningsdæmi - hafi skilning á hvernig árið raðast niður í tímaeiningar, mánuðir, vikur, dagar osfrv. - skilji muninn á einingum, tugum og hundruðum.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Vinnubrögð og frágangur. Talnaskilningur. Samskipti við samnemendur, kennara og skólalíða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is